

## Frumvarp til laga

### um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (raforkuöryggi).

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

#### 1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Viðmið um fullnægjandi raforkuöryggi.*

Mat á raforkuöryggi skal byggt á eftirfarandi viðmiðum til lengri og skemmri tíma:

1. Langtímaframboði orkukosta.
2. Að framleiðslu- og flutningsgeta fullnægi áætlaðri aukningu í eftirspurn til næstu tveggja til fimm ára.
3. Framleiðsluöryggi til eins árs.
4. Rauntímaöryggi, þ.e. að sú framleiðslu- og flutningsgeta sem er þegar til staðar nýtist ávallt til að anna rauntímaeftirspurn.

Umhverfis- og orkustofnun skal leggja mat á raforkuöryggi skv. 1. mgr. í samvinnu við flutningsfyrirtækið út frá áætlaðri þróun á framleiðslugetu og eftirspurn. Umhverfis- og orkustofnun skal ársfjórðungslega birta mat á stöðu raforkuöryggis.

Nánari reglur um framkvæmd mats á raforkuöryggi skulu settar í reglugerð. Í reglugerð skal m.a. nánar kveðið á um framkvæmd matsins, birtingu og hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins auk skila á gögnum, tegundar þeirra, gæða og skilafrests. Þá skal í reglugerð fjallað um útfærslu viðmiða skv. 1. mgr. og skilgreiningu öryggismarka. Í reglugerð skal einnig skilgreina grunnkröfur sem gerðar eru til raforku- og aflspáa sem liggja matinu til grundvallar.

#### 2. gr.

Á eftir 8. tölul. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Markaðsaðili*: Til markaðsaðila teljast vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki, dreifiveitur, sölufyrirtæki og stór-notendur í skilningi laga þessara og hver sá einstaklingur eða lögaðili sem stundar viðskipti með raforku í heildsölu.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „vinnslufyrirtæki“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur: markaðsaðila.
- b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Flutningsfyrirtækið skal leita tilboða eða sjá til þess að tilboða sé leitað um breytingu á notkun miðað við aðstæður í raforkukerfinu. Slíkar ráðstafanir skulu til þess fallnar að stuðla að afhendingaröryggi og hagkvæmni í raforkukerfinu.

## c. 9. mgr. orðast svo:

Ef óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtnar raforku til dreifiveitna og notenda. Við skömmtnun skulu dreifiveitur njóta forgangs að því marki sem nauðsynlegt er svo þær geti sinnt forgangsröðun skv. 7. mgr. 16. gr. Við skömmtnun skal að öðru leyti gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

## 4. gr.

## 7. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Ef óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitum svæði og önnur úrræði duga ekki til ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtnar raforku til notenda. Við skömmtnun skulu njóta forgangs heimilisnotendur og mikilvægir samfélagsinnviðir. Við skömmtnun skal að öðru leyti gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

## 5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „19. tölul.“ í 1. mgr. 18. gr. b kemur: 20. tölul.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

**1. Inngangur.**

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á 153. löggjafarþingi (943. mál) og endurflutt á 154. löggjafarþingi (348. mál) en náði ekki fram að ganga. Það er nú endurflutt að nýju með breytingum sem gerð eru nánari skil í greinargerð þessari. Markmið frumvarpsins er aukið raforkuöryggi og forgangur heimila og almennra notenda að raforku í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 2024.

Í ágúst 2020 skilaði starfshópur skýrslu til ráðherra um orkuöryggi á heilðsölumarkaði fyrir raforku. Í niðurstöðum starfshópsins er að finna tillögur sem m.a. lúta að skilgreiningu á raforkuöryggi, ábyrgð og hlutverki stjórnvalda og öryggismörk varðandi fullnægjandi framboð raforku. Í október 2020 var kynnt langtímaorkustefna fyrir Ísland, undir yfirskriftinni „Orkustefna til ársins 2050: Sjálfbær orkuframtíð“. Í stefnunni kemur m.a. fram að orkuöryggi og tryggt orkuframboð sé grundvallarþáttur í þjóðaröryggi Íslands. Tryggja þurfi að markaðskerfi sé virkt og opið þannig að framboð mæti eftirspurn. Hlutverk stjórnvalda sé að leggja grunn að kerfi sem er sjálfbært að þessu leyti. Til þrautavara þurfi skýrt afmörkuð inngrip stjórnvalda að vera fyrir hendi í tilviki markaðsbrests, ef sýnt þyki að framboð muni ekki anna þörf almenna markaðarins, þ.e. heimila og fyrirtækja undir stórnotendaviðmiði raforkulaga.

Með breytingu á raforkulögum með lögum nr. 74/2021 var undirstrikað að eitt af markmiðum laganna er að tryggja fullnægjandi raforkuöryggi. Í júní 2022 skilaði starfshópur tillögum um ýmsar útfærslur til að fullnægja raforkuöryggi. Til að fylgja eftir vinnu framangreindra hópa setti þáverandi ráðherra í upphafi árs 2023 á laggirnar samráðsvettvang sem falið var að útfæra tillögur um raforkueftirlit, flutningsfyrirtæki og markaðsaðila með breytingum á regluverki um bætt raforkuöryggi. Samráðsvettvangurinn naut aðstoðar alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins Baringa.

Breytingarnar sem lagðar eru til með þessu frumvarpi snúa að því að tryggja heimilum og almennum notendum forgang komi til skömmtunar vegna óviðráðanlegra atvika, til að mynda vegna framboðsskorts. Þá er mælt fyrir um söfnun og miðlun upplýsinga um raforkuöryggi sem og viðmið fyrir raforkuöryggi. Einnig eru með frumvarpinu lagðar til ráðstafanir til að nýta betur tæknilegan sveigjanleika raforkukerfisins í þeim tilgangi að stuðla að hagkvæmni og afhendingaröryggi.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Raforkuöryggi og tryggt framboð raforku eru grundvallarþættir í þjóðaröryggi Íslands og nauðsynleg forsenda fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og jákvæðrar byggðarþróunar. Að lágmarka líkur á því að raforkuskortur komi upp er því hluti af almennri stefnu stjórnvalda á hverjum tíma, jafnt í orkumálum, efnahagsmálum og byggðamálum. Á síðustu árum hefur nýting virkjana farið jafnt og þétt vaxandi. Eftirspurn hefur vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Afleiðingin er minna svigrúm til að bregðast við áföllum í vinnslu- og flutningskerfi raforku eða óvæntri minnkun á framboði. Þetta getur skapað veikleika í kerfinu að því er varðar framleiðsluöryggi og nægjanlegt raforkuframboð. Í ljósi mikillar eftirspurnar er því brýnt að tryggja raforkuöryggi heimila og almennra notenda. Í langtímaorkustefnu til ársins 2050 segir að almenningur og þjónusta í almannabágu skuli ávallt njóta forgangs umfram aðra hagsmuni. Stuðla þarf að hér á landi þrífist frjálst, heilbrigður og trúverðugur markaður með raforku og að öll inngríp í markaðinn heyri til undantekninga og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er. Hafa þarf í huga sérkenni íslensks raforkumarkaðar, þ.e. hve hátt hlutfall af heildarframleiðslugetu er bundið í langtímasamningum við stóriðju. Af því leiðir að talsverður tæknilegur sveigjanleiki er í kerfinu sem nýta má til að styðja við jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

## 3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, sem gerð er grein fyrir í eftirfarandi köflum.

### 3.1. Söfnun og miðlun upplýsinga.

Ýmsar leiðir má fara til að tryggja jafnvægi í framboði og eftirspurn út frá sjónarmiðum um raforkuöryggi. Í grófum dráttum má segja að þær séu af tvennum toga. Annars vegar eru leiðir til að auka virkni á raforkumarkaði. Hins vegar er reglusetning sem einkum lýtur að því að skýra ábyrgð og hlutverk stjórnvalda og markaðsaðila, og gefa stjórnvöldum heimildir til að bregðast við sé það nauðsynlegt til að tryggja að framboð raforku geti mætt eftirspurn.

Með þessu frumvarpi er lagt til að mælt verði fyrir um upplýsingamiðlun í þeim tilgangi að upplýsa um stöðu á raforkumarkaði. Upplýsingaöflun og miðlun er mikilvægur þáttur í því að veita markaðsaðilum upplýsingar um stöðu raforkukerfisins, m.a. hvað varðar framboð raforku. Í skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku er bent á að aukið gagnsæi í verðmyndun sé ein helsta forsenda þess að unnt sé að bæta virkni markaðarins. Auka má gagnsæi á raforkumarkaði, og þar með líkur á virkari markaði, með skipulegri söfnun upplýsinga og tíðri og aðgengilegri upplýsingagjöf. Upplýsingaöflun og miðlun felur jafnframt í sér túlkun á gögnum og mat á því hvort að staða á raforkumarkaði kalli á viðbrögð af hálfu stjórnvalda.

Samkvæmt reglugerð um Orkustofnun, nr. 400/2009, ber Umhverfis- og orkustofnun að tryggja söfnun upplýsinga og gera orkuspá. Hlutverk flutningsfyrirtækisins Landsnets samkvæmt raforkulögum er að vinna kerfisáætlun. Kerfisáætlun skiptist í langtímaáætlun um

fyrirhugaða uppbyggingu flutningskerfisins næstu tíu árin og framkvæmdaáætlun vegna ákvarðana um fjárfestingar í flutningskerfinu næstu þrjú árin. Stjórnvöld og Landsnet afla nú þegar ýmissa upplýsinga og gera skýrslur og spár um framtíðarþróun en vinnan er dreifð og fer ekki fram í þeim skýra tilgangi að leggja mat á öruggt framboð raforku. Með þessu frumvarpi er lagt til að mælt verði fyrir um mat á fullnægjandi raforkuöryggi og viðmið þess í raforkulögum. Ábyrgð á slíku mati verði á hendi Umhverfis- og orkustofnunar sem vinna skuli matið í samvinnu við flutningsfyrirtækið Landsnet eftir því sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð.

### 3.2. Nýting sveigjanleika í kerfinu.

Í III. kafla raforkulaga eru ábyrgð og skyldur flutningsfyrirtækisins Landsnets skilgreindar sérstaklega. Samkvæmt lögnum fer fyrirtækið ekki með hlutverk sem snertir nægjanlegt framboð raforku til lengri tíma en það gegnir eigi að síður mikilvægu hlutverki út frá raforkuöryggi, bæði út frá viðhaldi og uppbyggingu flutningskerfisins til skemmri og lengri tíma og stjórnunar þess í rauntíma. Flutningsfyrirtækinu ber skylda til að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni og áreiðanleika afhendingar, sbr. 1. mgr. 9. gr. raforkulaga. Flutningsfyrirtækið annast rekstur kerfisins, sbr. 3. mgr. 9. gr., og svokallaða kerfisstjórnun, sbr. 4. mgr. 9. gr.

Í kerfisstjórnarhlutverki flutningsfyrirtækisins Landsnets felst ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og á það að tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Landsnet sinnir lögboðinni skyldu sinni að tryggja öruggan rekstur og gæði við raforkuafhendingu með því að gera samninga um skerðanlegan flutning, sem og um heimild til skerðingar á forgangsflutningi til stórnotenda, en einnig með kaupum á kerfisþjónustu, rekstri á jöfnunarorkumarkaði og með því að setja reglur um skömmtun. Með lögum nr. 74/2021, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, var komið á samkeppnismarkaði með kaupum á kerfisþjónustu, flutningstöpum og jöfnunarorku. Flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum ber að bjóða út þessa þætti og tryggja þá kerfisþjónustu sem þörf er á. Flutningsfyrirtækinu er því ætlað að tryggja rauntímaöryggi.

Með þessu frumvarpi er lagt til að flutningsfyrirtækinu verði jafnframt falið að stuðla að fullnægjandi raforkuöryggi með því að leita tilboða eða sjá til þess að tilboða sé leitað um breytingu á raforkunotkun notenda miðað við aðstæður í raforkukerfinu hverju sinni. Í því felst svokölluð notkunarsvörun (*e. demand side response*). Dæmi um slíkt gætu verið samningar við stórnotendur um endurkaup raforku eða breytingu á raforkunotkun við tilteknar aðstæður til lengri eða skemmri tíma. Gert er ráð fyrir að slíkir samningar séu boðnir út á markaðsforsendum og að þeir feli þannig í sér tiltölulega lítið inngríp á raforkumarkaði. Með þeim má nýta þann tæknilega sveigjanleika sem fyrir hendi er í kerfinu. Markmiðið með notkunarsvörun er því að stuðla að afhendingaröryggi til lengri og skemmri tíma og getur hún verið liður í kerfisþjónustu, þ.e. rauntíma stýringu kerfisins, en ljóst er að þörf á sveigjanleika eykst samhliða uppbyggingu á breytilegri framleiðslu, svo sem vind- og sólarorku.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar sem ætlað er að greiða fyrir mögulegri þátttöku stórnotenda í jöfnunarorkumarkaði Landsnets í samræmi við breytingar sem gerðar voru á raforkulögum með lögum nr. 74/2021 í þeim tilgangi að koma á samkeppnismarkaði með kaupum á kerfisþjónustu, flutningstöpum og jöfnunarorku. Með jöfnunarorku er átt við þá raforku sem kerfisstjóri tryggir að sé til reiðu til að halda jafnvægi milli raforkunotkunar og raforkutaps annars vegar og raforkuvinnslu hins vegar.

Ráðstafanir í þágu aukins sveigjanleika eru til þess fallnar að stuðla að raforkuöryggi og sporna við verðhækkunum sem gæti leitt af ónógu framboði.

### 3.3. Forgangsröðun við skömmtnun.

Í skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku er lagt til að grunn-sjónarmið sem byggja skuli á við skömmtnun raforku verði færð í lög. Bent er á að einnig mætti auka vernd heimilisnotenda og lítilla fyrirtækja með því að mæla fyrir um að þau skuli njóta forgangs ef til skömmtnunar kemur vegna ónógs raforkuframboðs.

Í 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, um skyldur flutningsfyrirtækisins, þ.e. Landsnets, kemur fram að ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægi ekki eftirspurn beri flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtnunar. Við skömmtnun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skuli útfærð í reglugerð. Í 4. gr. reglugerðar um kerfisstjórnun í flutningskerfinu, nr. 513/2003, segir að kerfisstjóri skuli setja sér reglur um hvernig skömmtnun skuli háttáð. Við setningu reglna um skömmtnun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtnun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu. Flutningsfyrirtækið getur eingöngu skammtað magn til viðskiptavina sinna, þ.e. stórnótenda og dreifiveitna. Er því lagt til að sérstaklega verði tekið fram í raforkulögum að dreifiveitur njóti forgangs komi til skömmtnunar að því marki sem nauðsynlegt er svo þær geti staðið undir þeirri forgangsröðun sem þeim er falið að sinna, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Kveðið er á um starfsemi og skyldur dreifiveitu í 16. gr. raforkulaga. Í 7. mgr. hennar kemur fram að ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægi ekki eftirspurn beri viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtnunar raforku til notenda. Við skömmtnun skuli gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skuli útfærð í reglugerð. Í ákvæðinu er ekki kveðið á um að almenningur skuli að njóta forgangs við skömmtnun. Í reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, er dreifiveitum falið að útfæra reglur um skömmtnun. Segir í þeim efnunum að reglurnar skuli útfærðar þannig að jafnræðis verði gætt og að skömmtnun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skuli m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu, sbr. 3. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar. Einnig má vísa til leiðbeininga Umhverfis- og orkustofnunar um skömmtnun raforku til dreifiveitna sem byggjast á reglugerð um framkvæmd raforkulaga. Í orkustefnu fyrir Ísland segir að þegar komi að forgangsröðun orkuframboðs, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma, skuli almenningur og þjónusta í almannabágu ávallt njóta forgangs umfram aðra hagsmuni.

Með frumvarpinu er því lagt til að forgangur almennings og smærri fyrirtækja í tilviki skömmtnunar verði bundinn í lög. Lagt er til að við skömmtnun njóti forgangs heimilisnotendur og mikilvægir samfélagsinnviðir. Tekið er mið af ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB sem innleidd er hér á landi í raforkulögum. Í tilskipuninni er mælt fyrir um skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum heimilisnotendum alþjónustu, þ.e. rétt á að fá afhenta raforku af ákveðnum gæðum á sanngjörnu verði sem er gegnsætt, auðveldlega samanburðarhæft og felur ekki í sér mismunun.

Skömmtnun raforku er þrautavaraúrræði sem verður ekki beitt nema engin önnur úrræði dugi til, svo sem keyrsla varaafsstöðva eða önnur úrræði sem standa til boða hverju sinni. Bent er á að úrræði á borð við notkunarsvörun sem fjallað er um í kafla 3.2 stuðla að auknu raforkuöryggi og minnka líkur á því að nokkurn tímann þurfi að koma til skömmtnunar vegna framboðsskorts.

#### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Tillögur frumvarpsins eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar en þar ber helst að nefna tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 og er innleidd í raforkulögum, nr. 65/2003. Ýmis ákvæði tilskipunarinnar snerta afhendingaröryggi raforku. Þannig mælir tilskipunin fyrir um skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum heimilisnotendum og, eftir því sem aðildarríkin telja rétt, litlum fyrirtækjum alþjónustu, þ.e. rétt á að fá afhenta raforku af ákveðnum gæðum á sanngjörnu verði sem er gegnsætt, auðveldlega samanburðarhæft og felur ekki í sér mismunun. Í 4. gr. tilskipunarinnar er lögð skylda á ríkin að tryggja að fylgst sé með þróun mála vegna afhendingaröryggis. Ríkjum ber að tryggja að safnað sé upplýsingum um þróun framboðs og eftirspurnar og fyrirhugaða viðbótarframleiðslugetu. Tilskipunin felur í sér nokkurt svigrúm til innleiðingar og er með frumvarpinu ekki gengið lengra en lágmarksákvæði tilskipunarinnar kveða á um.

#### 5. Samráð.

Frumvarpið var unnið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu í samráði við Umhverfis- og orkustofnun og Landsnet og jafnframt tekið mið af opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda.

##### 5.1. Áform um lagasetningu.

Áform um lagasetninguna voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda 13. febrúar 2023 með frest til að veita umsagnir til 27. febrúar 2023 (mál nr. S-34/2023). Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Samtökum iðnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Rarik ohf., Landsvirkjun, Storm orku ehf. og Samorku. Þá bárust þrjár umsagnir frá einstaklingum. Í umsögnum er að miklu leyti tekið undir mikilvægi þess að skýra nánar hlutverk aðila á raforkumarkaði. Nokkuð er komið inn á mikilvægi uppbyggingar í flutningskerfinu og þörf á aukinni orkuöflun, m.a. að teknu tilliti til orkuskipta. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að hagsmunir almennings verði tryggðir. Mikilvægt sé að auka áherslu á upplýsingagjöf til að auka fyrirsjáanleika á markaði fyrir heimili og smærri fyrirtæki. Íslenski raforkumarkaðurinn sé einangraður og byggist að stærstu leyti á vatnsorku. Mikilvægt sé að kerfið nýtist sem best, t.d. með samningum um skerðanlega orku. Taka má undir framangreind sjónarmið að því marki sem þau rúmast innan viðfangsefnis frumvarpsins.

##### 5.2. Drög að frumvarpi.

Drög að frumvarpi voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 28. febrúar 2023 með frest til að veita umsagnir til 14. mars 2023 (mál nr. S-48/2023). Umsagnir bárust frá Landvernd, Samtökum iðnaðarins, Neytendasamtökunum, Orku náttúrunnar ohf., Veitum ohf., Landsvirkjun, Landsneti, Viðskiptaráði Íslands, HS orku og Samorku. Þá bárust þrjár umsagnir frá einstaklingum. Varðandi ákvæði um forgangsöröðun í skömmtun komu fram ýmis sjónarmið. Ákvæðið eins og það var sett fram í samráðsgáttinni fól í sér forgang notenda sem ekki teldust til stórnotenda. Í nokkrum umsögnum er tekið undir sjónarmið um að almenningur skuli njóta forgangs komi til skömmtunar. Þó er gagnrýnt að ákvæðið eins og það var sett fram í samráðsgátt gæti falið í sér hvata til að viðhalda nýtingu undir viðmiðum stórnotenda og að nánar þurfi að skilgreina þann hóp sem njóta skuli forgangs komi til skerðinga. Þá er einnig í

umsögnum bent á að í drögum skorti umfjöllun um hlutverk dreifiveitna hvað varðar skömmtnun.

Í ljósi framangreindra athugasemda hafa þær breytingar verið gerðar að nánar er skilgreindur sá hópur sem hafa ber í forgangi komi til skömmtnunar. Tekið er mið af orkustefnu fyrir Ísland og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB. Bent er á að í reglugerð um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, nr. 513/2003, er gert ráð fyrir að flutningsfyrirtækið setji sér reglur um skömmtnun. Við setningu reglna um skömmtnun skuli gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtnun valdi sem minnsti röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skuli m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðaþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu. Þá er í reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, að finna sambærilegt ákvæði gagnvart dreifiveitum.

Hvað varðar ákvæði um mat á fullnægjandi raforkuöryggi varða efnislegar athugasemdir í umsögnum fyrst og fremst hlutverk flutningsfyrirtækisins og Umhverfis- og orkustofnunar. Í drögum þeim sem kynnt voru til samráðs var gert ráð fyrir því að flutningsfyrirtækið bæri ábyrgð á söfnun og miðlun upplýsinga um stöðu raforkumarkaðar. Bent er á að mat á raforkuöryggi þarf að ná allt frá tiltækileika framtíðarorkukosta til rauntímaöryggis. Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar er að fylgjast með og hafa eftirlit með raforkuöryggi og í því felst að meta líkur á orku- og aflskorti. Hlutverk flutningsfyrirtækisins er að bera ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og að tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu en í slíkri kerfisþjónustu felst m.a. að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf. Þá birtir flutningsfyrirtækið reglulega skýrslu um afl- og orkujöfnuð í þeim tilgangi að leggja mat á væntan jöfnuð á milli orkuframleiðslugetu og orkunotkunar næstu fimm ár.

Með vísan til framangreinds hefur verið gerð sú breyting á frumvarpinu að ábyrgðin á framkvæmd mats á raforkuöryggi verði falin Umhverfis- og orkustofnun sem vinna skuli matið í samvinnu við flutningsfyrirtækið Landsnet eftir því sem nánar verði mælt fyrir um í reglugerð. Þá hefur verið gerð sú breyting að vísa í 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins til nægs framboðs orkukosta til lengri tíma í stað næstu 5–10 ára. Æskilegt er að geta litið til spálíkana til lengri tíma, svo sem orkuskiptalíkans Umhverfis- og orkustofnunar.

Eins og tilgreint er að framan var sambærilegt frumvarp lagt fram á 153. og 154. lögjafarþingi. Hlaut frumvarpið í báðum tilvikum umfjöllun og lögð voru fram nefndarálit meiri hluta. Frumvarp það sem hér er lagt fram tekur mið af fyrri umfjöllunum atvinnuveganefndar. Þannig leiða ákvæði frumvarpsins sem ætlað er að greiða fyrir mögulegri þátttöku stórnotenda í jöfnunarorkumarkaði Landsnets af áleti og breytingartillögu meiri hluta atvinnuveganefndar á 154. þingi. Rétt er að taka fram að vegna þess sköpuðust umræður á 154. þingi, m.a. með umsögnum hagaðila sem vörðuðu aðallega mögulega orkusölu stórnotenda til neytenda. Er því bent á að þessi tillaga varðar aðeins þátttöku í jöfnunarorkumarkaði Landsnets og tengist ekki sölu raforku á almennum markaði. Einnig hefur umfjöllun í meðförum Alþingis leitt til breytinga á orðalagi ákvæða frumvarpsins sem ætlað er að tryggja forgang almennra notenda komi til skömmtnunar. Ákvæði frumvarpsins um svokallaða notkunarsvörun, sem fram kemur í b-lið 3. gr., er einnig nýmæli frá fyrri framlagningu. Sú viðbót á rætur að rekja til áframhaldandi vinnu af hálfu ráðuneytisins við útfærslu ráðstafana til að stuðla að raforkuöryggi.

## 6. Mat á áhrifum.

Í ákvæðum frumvarpsins er mælt fyrir um forgang almennings, heimilisnotenda, mikilvægra samfélagsinnviða og notenda dreifikerfis sem ekki hafa samið um skerðanlega notkun,

hátti svo ólíklega til að grípa þurfi til skömmtnar raforku. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að skömmtnun sé þrautavaraúrræði sem ekki verði beitt nema önnur úrræði dugi ekki til. Grunn-sjónarmið vegna skömmtnunar koma fram í reglugerð en í samræmi við tillögur starfshóps er lagt til að þau verði sett í lög. Þá er í frumvarpinu ákvæði um sérstakt mat á raforkuöryggi og söfnun gagna þar um. Aukin upplýsingamiðlun er til þess fallin að veita fyrirsjáanleika og yfirsýn á raforkumarkaði sem leiðir væntanlega til betri nýtingar og virkni á markaði. Einnig er aukin upplýsingamiðlun mikilvægur undanfari frekari aðgerða til að tryggja raforkuöryggi. Samningar um breytilega notkun miðað við aðstæður í raforkukerfinu eru einnig til þess fallnir að leiða til betri nýtingar kerfisins og afhendingaröryggi og munu ekki hafa áhrif á gjaldskrá flutningsfyrirtækisins Landsnets til hækkunar. Frumvarpið hefur ekki fjárhagsáhrif á ríkissjóð, almenning eða fyrirtæki.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að mælt verði fyrir um mat á fullnægjandi raforkuöryggi og viðmið þess. Markmið með slíkri upplýsingamiðlun er aukið gagnsæi á raforkumarkaði sem ætti að leiða til aukinnar virkni markaðarins og þar með aukins raforkuöryggis. Með upplýsingamiðlun skapast einnig forsendur til að leggja mat á stöðu orkuöryggis. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði mælt nánar fyrir um framkvæmd mats á raforkuöryggi. Þar verði m.a. nánar kveðið á um framkvæmd matsins, birtingu, hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins auk skila á gögnum, tegundar þeirra, gæða og skilafrests. Þá verði í reglugerð fjallað um útfærslu viðmiða raforkuöryggis og skilgreiningu öryggismarka, þ.e. tæknilegra mælikvarða vegna raforkuöryggis. Í reglugerðinni verði einnig skilgreindar grunnkröfur sem gerðar verði til raforku- og aflspáa sem liggja matinu til grundvallar. Vísast að öðru leyti til umfjöllunar í kafla 3.1.

Um 2. gr.

Hugtakið „markaðsaðili“ er ekki skilgreint í raforkulögum. Vísast hér til þess að í 1. mgr. 3. gr. þessa frumvarps er lagt til að vísað verði til „markaðsaðila“ í stað „vinnslufyrirtækis“. Til að sú breyting nái því markmiði sem stefnt er að er mikilvægt að skýrt sé að með markaðsaðila sé átt við vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki, dreifiveitur, sölufyrirtæki og stórnotendur í skilningi raforkulaga eða aðra sem stunda viðskipti með raforku í heildsölu.

Um 3. gr.

Með 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna þar sem fjallað er um skyldur flutningsfyrirtækisins Landsnets.

Með a-lið er lagt til að 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. laganna verði breytt þannig að ákvæðið vísi til markaðsaðila í stað vinnslufyrirtækis. Í 4. mgr. 9. gr. kemur fram að flutningsfyrirtækið beri ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skuli tryggja öryggi og gæði við raforku-afhendingu. Talið er í fimm tölulíðum hvað felst m.a. í slíkri kerfisstjórnun. Í 1. tölul. er kveðið á um skyldu flutningsfyrirtækisins til að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi. Flutningsfyrirtækinu ber að gera samninga við framleiðendur raforku samkvæmt ákvæðinu. Með því að ákvæðið vísi til markaðsaðila er ætlunin að greiða fyrir mögulegri þátttöku stórnotenda í jöfnunarorkumarkaði Landsnets, en með jöfnunarorku er átt við þá raforku sem kerfisstjóri tryggir að sé til reiðu til að halda jafnvægi milli raforkunotkunar og raforkutaps annars vegar og raforkuvinnslu hins vegar. Sú



breyting er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á raforkulögum með lögum nr. 74/2021 þar sem 2. tölul. 3. mgr. 9. gr. laganna var breytt í þeim tilgangi að koma á samkeppnismarkaði með kaupum á kerfisþjónustu, flutningstöpum og jöfnunarorku. Tekið er fram að tillagan varðar viðskipti með jöfnunarorku en ekki annars konar viðskipti með raforku.

Í b-lið er lagt til að flutningsfyrirtækinu verði falið að leita tilboða eða sjá til þess að tilboða sé leitað um breytingu á notkun miðað við aðstæður í raforkukerfinu í þeim tilgangi að stuðla að afhendingaröryggi og hagkvæmni í raforkukerfinu. Þannig má nýta tæknilegan sveigjanleika í kerfinu til að stuðla að orkunýtni og orkuöryggi. Til frekari skýringa vísast til kafla 3.2.

Í c-lið er lagt til að í 9. mgr. 9. gr. verði mælt fyrir um að komi til þess að flutningsfyrirtækið þurfi að skammta raforku til dreifiveitna og notenda skuli dreifiveitur njóta forgangs að því marki sem nauðsynlegt er svo þær geti sinnt þeirri forgangsröðun sem fram kemur í 7. mgr. 16. gr.

#### Um 4. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að forgangur almennings og mikilvægra samfélagsinnviða í tilviki skömmtunar verði bundinn í lög. Í reglugerð um kerfisstjórnun í flutningskerfinu og reglugerð um framkvæmd raforkulaga kemur fram að við setningu reglna um skömmtun skuli gæta jafnræðis og leitast við að skömmtun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Tillaga 4. gr. þessa frumvarps er ekki talin kalla á breytingar á framangreindum reglugerðarákvæðum en með því er áréttaður og lögfestur forgangur almennings komi til skömmtunar raforku. Um ákvæðið vísast að öðru leyti til kafla 3.3.

#### Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.